



ÍSLENSKT TÁKNMÁL, FORTÍÐ, NÚTÍÐ, FRAMTÍÐ

**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á málþingi á
Degi íslenska tákn málsins
11. febrúar 2019**

Ágætu ráðstefnugestir

Ég óska ykkur öllum til hamingju með daginn, stofndag Félags heyrnarlausra og Dag íslenska tákn málsins. Það er vel til fundið að efna á þessum degi til málþings um stöðu tákn málsins að fornu og nýju. Ég hlakka til að fræðast um þau mál, skyggnast inn í heim döfð samfélagsins á Íslandi og ekki síst berja augum nýtt merki Málnefndar um íslenskt tákn mál. Ég þakka málnefndinni og Rannsóknastofu í tákn málsfræðum við Háskóla Íslands þetta þarfa framtak. Saman þurfum við öll að tryggja sess tákn máls í samfélaginu, tryggja að sjálfsögð réttindi þeirra, sem styðjast við tákn mál til að tjá sig, verði virt í hvívetna.

Sögu heyrnarlausra á Íslandi hafa verið gerð góð skil í riti Reynis Bergs Þorvaldssonar sem kom út árið 2010, á hálftrar aldar afmæli Félags heyrnarlausra. Margt má læra af liðinni tíð en framtíðin færir ætíð nýjar áskoranir og úrlausnarefni. Brýnt er að tákn málið fái að þróast eins og önnur mál, og það taki mið af nýjum straumum og stefnum. Þess vegna er einmitt fagnaðarefni að hér á þessu málþingi verði sjónum beint að snjalltækjum og hvaða áhrif þau hafi á daglegt líf tákn málsnotenda. Leyfið mér að nefna annað dæmi um breyttan heim: Vestan hafs sló tákn málstúlkurinn Holly Maniatty í gegn fyrir nokkrum árum með fjörlegri túlkun sinni á tónleikum ýmissa stórstjarna, Eminems og U2, Jay-Z og Wu-Tang Clans, Bruce Springsteens og Marilyn Manson. „Allir eiga að geta notið viðburðarins,“ segir Maniatty og túlkar rapp og rokk í erg og gríð. Og auðvitað er það hægt: það er hægt að segja eitthvað án þess að tala, og hrópa án þess að hækka röddina, eins og segir í einu laga U2 („Running To Stand Still“).

Góðir áheyrendur! Í aldanna rás hafa heyrnarlausir gjarnan mætt fordómum og fáfræði, hörku, skömmum og skilningsleysi. Gleymum því þó ekki sem segir í Hávamálum, um getu þeirra til að berjast af sama mætti og aðrir:

Haltur ríður hrossi,
hjörð rekur handarvanur,
daufur vegur og dugir,

...

Sem betur fer er margt nú með öðrum brag en á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Ekki er það lengur lofað að vega mann og annan. En þau sannindi eru enn í góðu gildi að fólk þarf ekki að láta bugast af hvers kyns hömlum. Ætíð verða mér minnisstæð skilaboð Þórðar Arnar Kristjánssonar sem lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands fyrir þremur árum, fyrstur heyrnarlausra. Í viðtali í Döffblaðinu sagði Þórður þessi orð, sem ég geri að mínum lokaorðum um leið og ég ítreka afmæliskeðjur til Félags heyrnarlausra og liðsmanna þess á Degi íslenska tákn málsins: „Ekki láta neinn segja við ykkur að hlutirnir verði of erfiðir eða þið getið þá ekki. Það skiptir engu máli hvort það sé í námi, leik eða starfi. Það þarf kannski að fara annars konar leið að takmarkinu en fullheyrandi fólk fer en við getum öll náð þeim markmiðum sem við setjum okkur ef við erum tilbúin að vinna að þeim.“